Sþ. 464. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1975.

## I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innkomnar tekjur vegasjóðs 31. desember 1975 sem hér segir:

| | Skv. vegáætl. m.kr. | | Rauntekjur pr. 31.12. 75 m.kr. | | Mismunur m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.1. Bensíngjald: | | | | | |
| Brúttótekjur | 1 862 | | 1 663 | | |
| Endurgreiðslur | ÷20 | 1 842 | ÷23 | 1 640 | ÷202 |
| 1.2. Þungaskattur: | | | | | |
| Km-gjald | 334 | | 268 | | |
| Árgjald | 161 | | 142 | | |
| Endurgreiðslur | ÷8 | 487 | ÷1 | 409 | ÷78 |
| 1.3. Gúmmígjald | | 96 | | 62 | ÷34 |
| Markaðar tekjur | | 2 425 | | 2 111 | ÷314 |
| 1.4. Ríkisframlag | | 380 | | 694 | 314 |
| Fastir liðir samtals | | 2 805 | | 2 805 | |

1.1. Tekjur af bensíngjaldi.

Á síðasta ári (nóv. 1974—okt. 1975) varð bensínsala 103.6 m.ltr. og er það 6.5 m.ltr. eða 6.5% minna en áætlað var og 0.8 m.ltr. minna en á árinu 1974. Meðalfjöldi bensínbifreiða á árinu 1975 er áætlaður 64 400. Hefur því hver bifreið eytt að meðaltali 1 610 ltr. af bensíni á árinu 1975.

Í vegáætlun var hinsvegar gengið út frá meðaleyðslu undanfarinna ára eða 1 750 ltr. á bifreið á ári og notkunin áætluð alls 110.1 m.ltr. Af þessum tölum er ljóst, að undangengnar hækkanir á bensíni og erfitt efnahagsástand hafa leitt til 8% minnkunar bensínnotkunar á hverja bifreið.

Taflan hér að neðan sýnir bensínsölu og meðaleyðslu á bifreið undanfarin 5 ár.

| Ár | Bensínsala m. ltr. | Meðaleyðsla ltr. |
|---|---|---|
| 1971 | 77 5 | 1 756 |
| 1972 | 84 9 | 1 745 |
| 1973 | 95 1 | 1 757 |
| 1974 | 104 4 | 1 736 |
| 1975 | 103 6 | 1 610 |

1.2. Tekjur af þungaskatti.

Þegar vegáætlunin var samþykkt s. l. vor var fyrirhuguð breyting á innheimtu markaðra tekna vegasjóðs, sem átti meðal annars að hafa áhrif á

tekjur vegasjóðs af þungaskatti. Þessi breyting kom hins vegar ekki að fullu til framkvæmda fyrr en um síðustu áramót. Af þessum sökum varð óhjákvæmilega halli á tekjum af þungaskatti á árinu.

1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi eru mjög háðar kaupgetu almennings á hverjum tíma. Undanfarin ár hefur meðalendurnýjun á hjólbörðum verið 24 kg á bifreið S. l. ár er hins vegar áætlað, að endurnýjun hafi aðeins verið 15 kg. Á árinu voru flutt inn 1 377 tonn af gúmmí og er áætlað, að 1 107 tonn séu vegna endurnýjunar og 270 tonn vegna innflutnings nýrra bifreiða.

Í töflunni hér að neðan eru tölur fyrir innflutning hjólbarða s. l. 5 ár ásamt meðalendurnýjun.

| Ár | Innfl. alls tonn | Meðalendurnýjun kg |
|---|---|---|
| 1971 | 1 620 | 22 |
| 1972 | 1 808 | 24 |
| 1973 | 1 993 | 24 |
| 1974 | 2 340 | 24 |
| 1975 | 1 377 | 15 |

1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag var aukið um þá fjárhæð, sem á vantaði að innheimta markaðra tekna næði áætlun.

## II. Skipting útgjalda.

### 2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

#### 2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Útgjöld á þessum lið voru áætluð 73 m.kr., en urðu 86 m.kr. Auk almennra verðhækkana stafar þessi hækkun af breytingu á kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í júnímánuði s. l. og dómi Kjaradóms í máli fjármálaráðherra og Bandalags háskólamanna í september s. l.

Allt bókhald Vegagerðar ríkisins var tekið í tölvuvinnslu á árinu 1974 og á því ári og s. l. ári var unnið að því að koma öllum launaútreikningi út um landið inn í tölvu. Var því verki lokið um s. l. áramót. Ennfremur fór fram á síðari hluta ársins undirbúningur að tölvuunnu birgðabókhaldi fyrir Vegagerðina og var það tekið í notkun í ársbyrjun 1976.

Allar þessar breytingar hafa einhvern aukakostnað í för með sér meðan á þeim stendur, en hafa hins vegar orðið til mikils hagræðis, þar sem fljótari og gleggri upplýsingar fást nú um starfsemi Vegagerðarinnar og stöðu einstakra framkvæmda.

#### 2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda.

Fjárveiting var 87.0 m.kr. Var henni varið til þess undirbúnings framkvæmda, sem ekki var færður á einstök verk.

Á árinu flutti umdæmisverkfræðingur Vesturlandsumdæmis til Borgarness, og er nú svo komið, að lokið hefur verið flutningi umdæmisverkfræðinga og starfsliðs á þá staði, sem stefnt var að, en það eru Borgarnes, Ísafjörður, Akureyri, Reyðarfjörður og Selfoss.

Verkstjórar og brúarsmiðir voru kvaddir til fundar á Húsavík og í Reynihlíð við Mývatn ásamt umdæmisverkfræðingum, tæknifræðingum, bókhaldssérfræðingum o. fl. Aðalumræðuefni var kostnaðareftirlit og ýmis mál tæknilegs eðlis.

### 2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 12.5 m.kr.

A. **Talning umferðar.**

Á árinu voru umferðartalningar endurskipulagðar. Hafa sjálfvirkir umferðarteljarar, sem telja umferð allt árið, verið settir upp víðar um landið en verið hefur.

Landinu hefur verið skipt í fjögur talningasvæði, og er við það miðað að telja sumarumferð á hverju svæði fjórða hvert ár til viðbótar talningu þeirri, sem fram fer allt árið. Úrvinnsla talningargagna fer nú fram í tölvu.

Árið 1975 var sumarumferð einkum talin á Vesturlandi og Vestfjörðum. Helstu niðurstöður eru þessar:

Í heild virðist meðalsumarumferð á landinu hafa minnkað um 4% að meðaltali frá síðastliðnu ári. Munar þar mestu, að umferð á Suður- og Austurlandi hefur minnkað um 8—14%. Hins vegar virðist umferð á Vesturlandi hafa aukist nokkuð, en staðið því sem næst í stað á Norðurlandi.

Ársumferð virðist hafa verið svipuð og árið áður eða jafnvel aðeins meiri.

Á fylgiskjölum 2.1.3.1—4 eru sýndir talningarstaðir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

B. **Vegaeftirlit.**

Vegaeftirlitið annaðist að venju eftirlit með öxulþunga bifreiða á þjóðvegum landsins. Einnig voru bifreiðir í malarakstri í vinnuflokkum Vegagerðarinnar vigtaðir, með þeim árangri, að nýting vegafjár hefur aukist að marki. Á árinu jukust störf vegaeftirlitsins fyrir fjármálaráðuneytið vegna aukinnar innheimtu þungaskatts í samræmi við breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Vegaeftirlitið annaðist eins og áður umferðartalningar um allt land. Einnig sá það um framkvæmdir við vegmerkingar sbr. 2.2.3. Vegaeftirlitið hefur með höndum upplýsingamiðlun um færð á vegum og annaðist einnig samræmingu á snjómokstri.

### 2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegaverkstjóra og ekkna þeirra, ásamt nokkurra fyrrverandi verkamanna, voru áætlaðar 10.5 m.kr. en urðu ekki nema 9.7 m.kr. þar sem þeim, er eftirlauna nutu, fækkaði nokkuð á árinu. Einn fyrrv. verkamaður og fjórir fyrrv. verkstjórar létust, en ein verkstjóraekkja öðlaðist rétt til eftirlauna.

Í árslok nutu því alls 16 fyrrv. verkstjórar, 14 verkstjóraekkjur og 7 fyrrv. verkamenn eftirlauna.

### 2.1.5. Áhrif verðhækkana.

Þegar vegáætlunin 1974—77 var lögð fyrir Alþingi vorið 1975 voru kostnaðaráætlanir fyrir árin 1975—77 miðaðar við verðlag í janúar 1975. Við afgreiðslu vegáætlunarinnar frá Alþingi lá hinsvegar fyrir áætlun um vísitölur í júní og voru þær lagðar til grundvallar fjárveitingum til nýbygginga í vega- og brúagerð, en viðhald var áfram miðað við vísitölu í janúar.

Frá því vegáætlun var samþykkt urðu nokkrar verðhækkanir, eins og fram kemur í töflu hér að neðan. Var dregið úr nýbyggingu vega sem verðhækkuninni nam, en óhjákvæmilega varð nokkur halli á nýbyggingum brúa.

| | Vegagerð | Viðhald | Brúagerð |
|---|---|---|---|
| 1. Vísitala í vegáætlun | 3 353 | 2 995 | 4 967 |
| 2. Vísitala í ágúst | 3 664 | 3 989 | 5 315 |
| Hækkun 1—2 | 9.3% | 33.2% | 7.0% |

## 2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

| | |
|---|---|
| Fjárveiting til sumarviðhalds var | 854.0 m. kr. |
| Fjárveiting til vetrarviðhalds var | 194.7 m. kr. |
| Samtals til viðhalds vega | 1 048.7 m. kr. |

### 2.2.1. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í almennt viðhald, heflun, styrkingu vega, mölun og hörpun efnis, viðhald brúa og rykbindingu vega.

Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Eins og undanfarin ár var reynt að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann þar sem nauðsyn krafði. Engu að síður bar þó nokkuð á vorskemmdum.

Taflan, sem sýnd er hér á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor. Brotnu strikin eru tákn fyrir 5 tonna hámarksöxulþunga, en heildregnu strikin 7 tonna.

**Tafla yfir þungatakmarkanir á vegum 1975.**




— — — 5 tonna hámarksöxulþungi

——— 7 tonna hámarksöxulþungi

Á Austurlandi voru nokkrir vegir með 5 tonna hámarksöxulþunga frá 15. maí til 5. júní.

## Flokkun vega eftir umferð.

Í meðfylgjandi töflu er þjóðvegum skipt niður eftir því hve mikil umferð er á þeim. Nær þessi skipting yfir kjördæmi og gerð slitlaga (malarslitlag og bundið slitlag).

| Kjördæmi | Gerð slitlags | Sumardagsumferð bílar/dag | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 50 km | 50–100 km | 100–200 km | 200–300 km | 300–500 km | 500–750 km | 750–1 000 km | 1 000–10 000 km | 10 000 10 000 km | Alls km | Alls í kjördæmi km |
| Suðurland | Malar | 631 | 203 | 181 | 231 | 183 | 33 | 47 | 7 | – | 1 516 | |
| Suðurland | Bundið | – | – | – | – | – | – | – | 48 | – | 48 | 1 564 |
| Reykjanes | Malar | 88 | 31 | 21 | 26 | 33 | 10 | – | 51 | – | 260 | |
| Reykjanes | Bundið | – | – | – | – | – | 5 | 22 | 69 | 5 | 101 | 361 |
| Vesturland | Malar | 445 | 290 | 246 | 140 | 99 | 55 | 53 | 14 | – | 1 344 | 1 344 |
| Vestfirðir | Malar | 493 | 564 | 206 | 1 | 27 | 4 | – | 2 | – | 1 295 | |
| Vestfirðir | Bundið | – | – | – | – | – | – | 3 | – | – | 3 | 1 298 |
| Norðurl. v. | Malar | 454 | 182 | 127 | 136 | 174 | 25 | 2 | – | – | 1 100 | 1 100 |
| Norðurl. ey. | Malar | 452 | 200 | 246 | 162 | 103 | 56 | 7 | 4 | – | 1 230 | |
| Norðurl. ey. | Bundið | – | – | – | – | – | – | – | 5 | – | 5 | 1 235 |
| Austurland | Malar | 515 | 143 | 374 | 311 | 77 | 6 | 6 | – | – | 1 432 | |
| Austurland | Bundið | – | – | – | – | – | – | 2 | – | – | 2 | 1 434 |
| | Samtals | 3 078 | 1 613 | 1 401 | 1 007 | 696 | 194 | 142 | 200 | 5 | 8 336 | 8 336 |

## Vinnsla efnis til viðhalds.

Vegagerðin á 4 mulningsvélasamstæður, sem mala efni í jöfnunarlag og slitlag vega. Í Reykjavík er mulningsvélasamstæða, sem vinnur annað árið á Reykjanesi og Vesturlandi, en hitt árið á Reykjanesi og Suðurlandi. Þessi mulningsvélasamstæða hefur ekki nægt, og hefur því verið samið við einkaaðila um mölun.

Stór mulningsvélasamstæða er á Norðurlandi. Á Vestfjörðum og Austurlandi eru litlir malarar, sem eru afkastalitlir, en hentugir til flutninga milli staða.

Á árinu var keypt ein hörpusamstæða til nota á Norðurlandi og eru því til 4 hörpusamstæður. Þær eru á Vesturlandi. Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Þessar hörpur vinna efni í jöfnunarlag og einnig slitlag í vegi með litla umferð.

Hér á eftir fylgir tafla, sem sýnir yfirlit um vinnslu efnis 1975, sem fór til viðhalds.

| Kjördæmi | Mölun 1975 $m^3$ | Hörpun 1975 $m^3$ | Samt. 1975 $m^3$ |
|---|---|---|---|
| Suðurland | 52 700 | – | 52 700 |
| Reykjanes | 33 700 | 16 500 | 50 200 |
| Vesturland | – | 47 000 | 47 000 |
| Vestfirðir | 21 200 | 32 700 | 53 900 |
| Norðurl. v. | 59 300 | – | 59 300 |
| Norðurl. e. | – | 45 000 | 45 000 |
| Austurland | 15 000 | 35 800 | 50 800 |
| Samtals | 181 900 | 177 000 | 358 900 |

Meðalkostnaður á rúmmetra við mölun 614 kr/$m^3$

Meðalkostnaður á rúmmetra við hörpun 330 kr/$m^3$

Gerð hefur verið tafla, sem sýnir lengd vega sem malbornir voru 1975 ásamt fjölda $m^3$ sem ekið var í slitlag vega.

| Kjördæmi | Malarburður 1975 Lengd km | Malarmagn $m^3$ |
|---|---|---|
| Suðurland | 80 | 52 000 |
| Reykjanes | 34 | 14 000 |
| Vesturland | 71 | 43 500 |
| Vestfirðir | 69 | 44 500 |
| Norðurl v. | 142 | 89 000 |
| Norðurland e. | 147 | 91 800 |
| Austurland | 63 | 61 000 |
| Samtals | 606 | 395 800 |

Í eftirfarandi töflu er sýnt yfirlit yfir lengd rykbundinna vega með klórkalsíum fyrir árið 1975. Einnig eru upplýsingar um lengd malarvega, sem hafa annarsvegar umferð meiri en 500 bílar á dag og hinsvegar umferð meiri en 300 bílar á dag. Eins og taflan sýnir vantar mikið á að ná því marki að rykbinda alla malarvegi með umferð meiri en 500 bílar á dag.

| Kjördæmi | Rykbinding 1975 km | Lengd malarvega með yfir 500 b/dag km | yfir 300 b/dag km |
|---|---|---|---|
| Suðurland | 49 | 104 | 320 |
| Reykjanes | 28 | 63 | 97 |
| Vesturland | 24 | 99 | 216 |
| Vestfirðir | 4 | 6 | 17 |
| Norðurl. v. | 19 | 49 | 204 |
| Norðurl e. | 37 | 78 | 181 |
| Austurland | 21 | 12 | 89 |
| Samtals | 182 | 411 | 1 124 |

Á árinu voru smíðaðir 10 tíu þúsund lítra vatnstankar, sem nota á við rykbindingu vega og einnig til að vatnsbera vegi í þurrkum.

Til viðhalds vega með bundnu slitlagi var varið 73,5 m. kr. 1975. Samið var við Reykjavíkurborg um lagningu nýrra malbiksslitlaga og Miðfell hf. um lagningu á nýjum olíumalarslitlögum.

Lagt var nýtt malbik á 4 560 m langa kafla á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi eða samtals á 42 850 $m^2$ og var kostnaður á hvern $m^2$ 794 kr. Einnig var lagt malbik á nokkur gatnamót.

Lagt var nýtt olíumalarslitlag á 2,0 km langan kafla á Bessastaðavegi og var kostnaður 455 kr./$m^2$.

Á næstu töflu er sýnt yfirlit yfir lengdir og gerð bundinna slitlaga í árslok 1975.

| Kjördæmi | Steypa km | Malbik km | Olíumöl km | Samt. km |
|---|---|---|---|---|
| Suðurland | – | 2.7 | 45.3 | 48.0 |
| Reykjanes | 46.6 | 22.2 | 31.9 | 100.7 |
| Vesturland | – | – | – | – |
| Vestfirðir | – | 3.0 | – | 3.0 |
| Norðurland v. | – | – | – | – |
| Norðurl. e. | – | 5.6 | – | 5.6 |
| Austurland | – | – | 1.6 | 1.6 |
| Samtals | 46.6 | 33.5 | 78.8 | 158.9 |

Hér á eftir fylgir yfirlit yfir kostnaðarskiptingu útgjalda við viðhald vega með bundnu slitlagi.

| Leiðir | Kostn. m.kr. | Skipting % |
|---|---|---|
| Ný slitlög | 40.5 | 55.1 |
| Viðgerðir á slitlögum | 4.6 | 6.3 |
| Umferðarmerki, leiðarar, málun og lýsing | 12.8 | 17.4 |
| Mölun efnis og endurn. malaraxla | 10.2 | 13.9 |
| Eftirlit | 1.9 | 2.6 |
| Ósundurliðaður kostn. | 3.5 | 4.7 |
| Samtals | 73.5 | 100.0 |

Á árinu 1974 urðu víða verulegar skemmdir á vegum vegna vatnavaxta.

Á Austurlandi urðu verulegar vegaskemmdir á árinu. Í janúar og febrúar skemmdust vegir í A.-Skaftafellssýslu, í maí ullu vatnavextir miklu tjóni í S.-Múlasýslu og í nóv. urðu talsverðar vegaskemmdir í Öræfum.

Í byrjun nóvember urðu skemmdir á vegum í nágrenni Eyrarbakka og Stokkseyrar vegna sjávarflóða.

Í Kollafirði í Kjósarsýslu urðu skemmdir á grjótvörn við nýja veginn, þar sem hann liggur yfir fjörðinn.

Þann 13. desember urðu miklar skemmdir á Ketildalavegi og Súgandafjarðarvegi af völdum stórbrims.

Í miklum rigningum aðfaranótt annars jóladags urðu miklar vegaskemmdir í Kjósarsýslu og í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Skagafirði og Eyjafirði.

### 2.2.2. Vetrarviðhald.

Frá áramótum til vors var með eindæmum snjóþungt víða á landinu. Í Mýrdalnum, á Austurlandi og í Eyjafjarðarsýslu var gífurlegt fannfergi. Af þessum ástæðum varð kostnaður við vetrarviðhald mjög hár.

Haustið og til áramóta var snjólétt víðast á landinu, einkum á Vestfjörðum, t. d. var vegurinn yfir Þorskafjarðarheiði að mestu fær til 29. nóvember og Dynjandisheiði til 22. desember. Vegurinn um Möðrudalsöræfi var að mestu fær til 29. nóvember að undanteknum nokkrum dögum í september.

Hér á eftir fer tafla sem sýnir, hve marga daga nokkrir fjallvegir voru ófærir vegna snjóa í hverjum mánuði á árinu 1975.

| | jan. | febr. | mars | apr. | maí | júní | júlí | ág. | sept. | okt. | nóv. | des. | Alls | Hlutfall af 365 dögum % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mosfellsheiði | 31 | 8 | | 3 | | | | | | | | 4 | 46 | 13 |
| Brattabrekka | 31 | 20 | 16 | 8 | | | | | | | 2 | 8 | 85 | 23 |
| Hálsar í A.-Barð. | 31 | 28 | 24 | 20 | | | | | | | 1 | 4 | 108 | 30 |
| Þorskafjarðarheiði | 31 | 28 | 31 | 30 | 32 | 6 | | | | 2 | 5 | 29 | 185 | 51 |
| Dynjandisheiði | 31 | 28 | 28 | 21 | | | | | | | 3 | 9 | 120 | 33 |
| Hrafnseyrarheiði | 31 | 28 | 31 | 11 | | | | | 8 | | 4 | 25 | 138 | 38 |
| Breiðadalsheiði | 31 | 25 | 23 | 13 | | | | | 2 | | 6 | 15 | 115 | 32 |
| Botnsheiði | 31 | 28 | 27 | 12 | | | | | 2 | | 4 | 17 | 121 | 33 |
| Lágheiði | 31 | 28 | 31 | 30 | 19 | | | | 3 | | 4 | 31 | 177 | 48 |
| Vaðlaheiði | 31 | 28 | 31 | 20 | 4 | | | | 3 | | 2 | 14 | 133 | 36 |
| Möðrudalsöræfi | 31 | 28 | 31 | 30 | 10 | | | | 3 | 3 | 2 | 22 | 160 | 44 |
| Axarfjarðarheiði | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 19 | | | 6 | 11 | 17 | 31 | 235 | 64 |
| Hólssandur | 31 | 28 | 31 | 30 | 29 | 9 | | | 4 | 6 | 16 | 31 | 215 | 59 |
| Vopnafjarðarheiði | 31 | 28 | 31 | 30 | 25 | 9 | | | 4 | 11 | 14 | 31 | 214 | 59 |
| Vatnsskarð eystra | 31 | 13 | 8 | 11 | 4 | | | | 3 | 4 | 2 | 7 | 83 | 23 |
| Fjarðarheiði | 31 | 26 | 24 | 18 | 2 | | | | 1 | 1 | 2 | 4 | 109 | 30 |
| Oddsskarð | 31 | 28 | 19 | 15 | 1 | | | | 1 | 1 | 2 | 4 | 102 | 28 |
| Breiðdalsheiði | 31 | 28 | 31 | 23 | 12 | | | | 1 | 1 | 2 | 24 | 153 | 42 |
| Lónsheiði | 21 | 12 | 7 | | | | | | | | 1 | 2 | 43 | 12 |

## Tafla 1 — Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1967—1975.

| Ár | Jan.—júní m.kr. | Okt.—des. m.kr. | Allt árið m.kr. | Vísitala viðhalds-kostnaðar | Á verðl. 1975 | Hluftalls-tala |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1967 | 17.8 | 10.2 | 28.0 | 571 | 195.6 | 125.6 |
| 1968 | 25.5 | 6.4 | 31.9 | 665 | 191.4 | 122.9 |
| 1969 | 18.3 | 13.4 | 31.7 | 812 | 155.7 | 100.0 |
| 1970 | 34.0 | 12.0 | 46.0 | 902 | 203.4 | 130.6 |
| 1971 | 34.0 | 18.7 | 52.7 | 1 046 | 201.0 | 129.0 |
| 1972 | 24.4 | 30.8 | 55.2 | 1 252 | 175.9 | 113.0 |
| 1973 | 59.0 | 40.1 | 99.1 | 1 550 | 255.0 | 163.8 |
| 1974 | 91.6 | 65.9 | 157.5 | 2 339 | 268.6 | 172.5 |
| 1975 | 245.4 | 76.3 | 321.7 | 3 989 | 321.7 | 206.6 |

Í töflu 2 er sýnt yfirlit yfir heildarviðhaldskostnað þjóðvega, og í aftasta dálki töflunnar kemur fram, hve mikill hluti vetrarviðhaldið hefur verið af heildarviðhaldskostnaði.

## Tafla 2 — Yfirlit yfir viðhaldskostnað þjóðvega 1967—1975.

| Ár | Fjárv. í vegáætl. m.kr. | Gjaldf. kostn. m.kr. | Heildar-kostn. m.kr. | Vetrar-viðhald m.kr. | Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1967 | 134.0 | 155.8 | 154.5 | 28.0 | 18.1 |
| 1968 | 139.4 | 176.8 | 174.0 | 31.9 | 18.3 |
| 1969 | 175.0 | 182.2 | 178.6 | 33.0 | 18.5 |
| 1970 | 197.4 | 222.0 | 223.1 | 48.6 | 21.8 |
| 1971 | 250.0 | 260.9 | 263.9 | 52.8 | 10.0 |
| 1972 | 355.0 | 367.3 | 358.3 | 54.1 | 15.1 |
| 1973 | 375.0 | 421.8 | 430.3 | 99.1 | 23.0 |
| 1974 | 716.4 | 804.2 | 844.0 | 164.0 | 19.4 |
| 1975 | 1 048.7 | 1 161.9 | 1 146.6 | 321.7 | 28.1 |

## Skipting viðhaldskostnaðar.

Á meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar fyrir árið 1975. Einnig er tilgreind lengd akfærra vega í hverju kjördæmi og kostnaður við viðhald vega á km.

### Viðhaldskostnaður þjóðvega árið 1975.
(Upphæðir í millj. kr.)

| Kjördæmi | Vetrar-viðhald | Al-mennt viðhald | Veg-heflun | Viðhald brúa | Hörpun og mölun | Ryk-binding | Vatna-skemmdir | Samtals | Lengd akfærra vega í km | Kostn. á km vega í þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðurlands | 19.1 | 71.9 | 41.7 | 32.5 | 43.0 | 6.2 | 1.4 | 215.8 | 1 564 | 138.0 |
| Reykjanes | 23.4 | 79.4 | 21.2 | 3.7 | 9.0 | 3.5 | 2.0 | 142.2 | 361 | 393.9 |
| Vesturlands | 33.6 | 52.2 | 40.5 | 4.1 | 11.3 | 7.9 | 0.9 | 150.5 | 1 344 | 112.0 |
| Vestfjarða | 58.9 | 49.2 | 12.8 | 3.2 | 24.4 | 3.0 | 4.0 | 155.5 | 1 298 | 119.8 |
| Norðurl. vestra | 27.8 | 39.0 | 19.7 | 1.9 | 37.9 | 3.6 | 1.3 | 131.2 | 1 100 | 119.3 |
| Norðurl. eystra | 60.8 | 42.8 | 19.0 | 1.2 | 14.3 | 4.4 | 1.4 | 143.9 | 1 235 | 116.6 |
| Austurlands | 98.1 | 42.4 | 31.0 | 3.8 | 20.8 | 4.1 | 7.3 | 207.5 | 1 434 | 144.7 |
| | 321.7 | 376.9 | 185.9 | 50.4 | 160.7 | 32.7 | 18.3 | 1 146.6 | 8 336 | 137.5 |

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir kostnað við snjómokstur á nokkrum fjallvegum, lengd þeirra kafla, sem kostnaðaryfirlit nær til, ásamt kostnaði við snjómokstur á hvern kílómetra.

| Fjallvegir | Lengd kafla km | Kostn. við snjómokstur m.kr. | Kostn. á km þús. kr. |
|---|---|---|---|
| Reykjav.—Self. og Þrengslav. | 52 | 12.5 | 240.0 |
| Holtavörðuheiði | 38 | 7.2 | 189.5 |
| Fróðárheiði | 13 | 1.4 | 107.7 |
| Svínadalur | 21 | 1.6 | 76.2 |
| Breiðadalsheiði | 16 | 2.8 | 175.0 |
| Haganesvík—Siglufj. | 31 | 5.3 | 171.0 |
| Öxnadalsheiði | 30 | 7.2 | 240.0 |
| Ólafsfjarðarmúli | 18 | 5.4 | 300.0 |
| Fjarðarheiði | 25 | 7.3 | 292.0 |
| Oddsskarð | 22 | 8.5 | 386.4 |
| Lónsheiði | 13 | 2.2 | 169.2 |

### 2.2.3. Vegmerkingar.

Á árinu var lokið við uppsetningu hinna nýju leiðarmerkja. Hafin var framleiðsla nýrra vegvísa og uppsetningu þeirra lokið í Suðurlands- og Reykjaneskjördæmum. Að venju var einnig unnið við viðhald umferðarmerkja með þjóðvegum landsins.

## 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

### 2.3.0. Lán til vegaframkvæmda.

*1. Föst lán til vegaframkvæmda.*

Samkvæmt heimild í fjárlögum og í samræmi við vegáætlun var aflað fastra lána að upphæð samtals 913 m.kr. til beinna framkvæmda á vegáætlun. Þar af voru 116 m.kr. lán vegna framkvæmda á Skeiðarársandi, sem aflað var með sölu happdrættisskuldabréfa, en á árunum 1972 til 1974 var aflað samtals 730 m.kr. lánsfjár með sama hætti til þessara framkvæmda. Hinn hluti lánsfjárins, 797 m.kr., var notaður til að brúa það bil, sem var milli tekjuöflunar annars vegar, þ. e. markaðra tekna og ríkisframlags og áætlaðra framkvæmda samkvæmt vegáætlun hins vegar.

Ríkissjóður sá nú sem fyrr um greiðslu vaxta og afborgana af öllum föstum lánum, sem tekin hafa verið til vegagerðar. Sýnir eftirfarandi tafla hreyfingar á lánum þessum á árinu.

**Lán yfirtekin af ríkissjóði.**

(Upphæðir í millj. kr.)

| | | |
|---|---|---|
| Skuldir í árslok 1974 | | 3 576.0 |
| Yfirtekin lán vegna Hafnarfjarðarvegar (eftirstöðvar) | | 3.9 |
| | | 3 579.9 |
| Ný lán á árinu | 1 204.0 | |
| Gengistap | 881.5 | 2 085.5 |
| | | 5 665.4 |
| Afborganir | | 212.5 |
| Skuldir í árslok samtals | | 5 452.9 |

Á árinu 1974 var öllum útgjöldum vegna fastra lána, sem tekin höfðu verið til Hafnarfjarðarvegar gegnum Kópavog, létt af Vegagerðinni og í ársbyrjun 1975 yfirtók ríkissjóður einnig eftirstöðvar láns, sem Kópavogsbær hafði tekið til þessara framkvæmda.

Af nýjum lánum að upphæð 1 204 m.kr. fóru 938 m.kr. til beinna framkvæmda, eins og áður er sagt, en afgangurinn fór til greiðslu lántökukostnaðar og vaxta og afborgana af eldri lánum.

Lán í erlendri mynt miðað við gengi í árslok voru samtals 3 527.7 m.kr. og hækkuðu því um 1 270.8 m.kr. á árinu, þar af um 881.5 m.kr. vegna óhagstæðrar gengisþróunar.

Innlend verðtryggð lán voru samtals 1 528.6 m.kr. á nafnverði, þar af voru happdrættislán að upphæð samtals 1 110.0 m.kr.

Langmestur hluti þessara lána er því annaðhvort háður gengis- eða vísitölubreytingum.

Til greiðslu vaxta, vísitöluálags og lántökukostnaðar vegna töku lána til vegagerðar fóru samtals 562.3 m.kr. samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins.

## 2. *Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.*

Á árinu voru tekin bráðabirgðalán að upphæð samtals 30.3 m.kr. Þar af voru lán að upphæð 7.8 m.kr., sem ekki er fjárveiting fyrir á vegáætlun 1976. En í þeim tilvikum var um að ræða framkvæmdir, sem brýna nauðsyn bar til að ljúka, og var haft um þetta fullt samráð við þingmenn viðkomandi kjördæma.

Af lánsfé þessu voru 25.3 m.kr. lánaðar af heimamönnum í viðkomandi héruðum, en 5 m.kr. endurlánaði menntamálaráðuneytið af stofnfjárveitingafé skóla til endurbóta á veginum milli Vopnafjarðarkauptúns og Torfastaðaskóla.

Bráðabirgðalán í árslok voru því 30.3 m.kr. á móti 27.4 m.kr. í árslok 1974, og skiptust þau þannig:

| | Árslok 1974 þús. kr. | Árslok 1975 þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. Til þjóðbrauta | 6 450 | 13 810 |
| 2. Til landsbrauta | 7 848 | 16 530 |
| 3. Til sýsluvega | 680 | 0 |
| Samtals | 14 978 | 30 340 |
| 4. Til viðhalds þjóðvega | 378 | 0 |
| Samtals | 15 356 | 30 340 |
| 5. Lán ríkissjóðs til endurgr. bráðabirgðalána frá '73 | 12 093 | 0 |
| Samtals | 27 449 | 30 340 |

Í greinargerð um framkvæmdir á einstökum vegum hér á eftir er nánar greint frá þessum bráðabirgðalánum.

## 2.3.1. Til hraðbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

01 Í Flóa:

Fjárveiting var 170.0 m.kr. Lokið var við undirbyggingu og lögn olíumalar á allan kaflann Skeiðarvegur — Gaulverjabæjarvegur og hann tekinn í notkun. Eftir er ýmis frágangur vegkanta, vegfláa, gatnamóta, námusvæða o. fl.

Auk þess var hafin undirbygging austan Skeiðavegar í átt að Þjórsá með efni úr bráðabirgðavegum fyrrgreinds áfanga.

Verkið var unnið af verktakafyrirtækjunum Ístaki hf. og Sveinbirni Runólfssyni.

34 **Eyrarbakkavegur:**

02 Um Ölfusárós:
Sjá: Verkfræðilegur undirbúningur, Eyrarbakkavegur.

35 **Biskupstungnabraut:**

02 Þingvallavegur—Búrfellsvegur:
Fjárveiting var engin, en innstæða frá fyrra ári 1.0 m.kr. Fjárveitingunni var varið til efniskaupa og greiðslu á skuld.

38 **Þorlákshafnarvegur:**

02 Þrengslavegur—Þorlákshöfn:
Fjárveiting var 61.6 m.kr. Lokið var undirbyggingu og gerð malarslitlags á kaflann frá Þrengslavegi inn á gamla veginn norðan Þorlákshafnar, sem er 6.9 km. Einnig voru í samvinnu við Landgræðsluna gerðar ráðstafanir til heftingar sandfoks í umhverfi vegarins.

1 **Vesturlandsvegur:**

16 Um Kiðafell:
Fjárveiting var 25.0 m.kr. Byggð var 8 m löng brú á Kiðafellsá, sjá 2.5.2.

19 Um Múlanes:
Fjárveiting var 47.0 m.kr. Lokið var undirbyggingu og gerð malarslitlags á veginn út fyrir Múlanes og bráðabirgðatengingu.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**

02 og 03 í Kópavogi og Kópavogslækur—Arnarnes:
Fjárveiting var 159.0 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 850 m kafli vesturbrautar vegarins frá Kársnesbraut að Kópavogsbraut. Undirbyggður var 450 m kafli vesturbrautar frá Kópavogsbraut að Kópavogslæk og gerð undirgöng fyrir gangandi vegfarendur undir vesturbrautinni við Fífuhvammsveg. Fullgerðir voru og teknir í notkun rampar af vesturbraut á Hábraut og af Digranesvegi á vesturbraut. Sett var upp fullkomin lýsing við veginn frá Kársnesbraut að Kópavogsbraut og við fyrrgreinda rampa. Unnið var að ýmsum frágangi, einkum norðan Digranesvegar.

Byggð var brú yfir Hafnarfjarðarveg (skv. samkomulagi við Kópavogskaupstað frá 1974), sem tengir saman Álfhólsveg að austan og Hábraut að vestan.

Tenging Arnarness við Hafnarfjarðarveg var flutt upp á Arnarneshæð og þar gerð ný og mun betri gatnamót á framtíðarstað.

45 **Garðskagavegur:**

01 Keflavík—Garður:
Fjárveiting var 40.0 m.kr. Lokið var við að undirbyggja 5.9 km langan kafla milli Keflavíkur og Garðs.

1 **Vesturlandsvegur:**

05 Um Borgarfjörð:

Fjárveiting var 135.0 m.kr. og geymt frá fyrra ári 30.0 m.kr. eða fjárveiting alls 165.0 m.kr. Unnið var að undirbúningsframkvæmdum, svo sem uppsetningu vinnubúða, byggingu verkstæðishúss og framleiðsluskála. Einnig var gerð bryggja, hafnargarðar og önnur nauðsynleg aðstaða í landi til undirbúnings brúargerðar. Loks var unnið að smíði móta og annarra hjálpartækja og hafin framleiðsla byggingarhluta, sem nota á í brúna.

Auk framkvæmda til undirbúnings brúargerðar var unnið áfram að margvíslegum athugunum, mælingum og rannsóknum, sem tengdar eru mannvirkjagerðinni.

11 Í Norðurárdal:

Fjárveiting var 35.0 m.kr. Greidd var 5.5 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lánaðar voru 4.0 m.kr. til Norðurárdalsvegar (528), sem endurgreiðast af vegáætlun 1976.

Byggður var 2.0 km langur kafli við Hraunsnef. Frágangi utan vegar er ekki lokið.

61 **Djúpvegur:**

20 Flugvöllur—Hnífsdalur:

Fjárveiting var 38.0 m.kr. Kaflinn frá Tunguá og 375 m í átt til Ísafjarðar var endurbyggður og grjótvarinn að mestu. Allri yfirbyggingu og frágangi utan vegar er ólokið.

Undirbyggður og malbikaður var um 650 m kafli frá fiskhúsi að þéttbýlismörkum við Hnífsdal. Ennfremur var malbikaður um 950 m kafli sunnan fiskhúss, sem ekki náðist að ljúka 1974. Frágangi utan vegar á þessum köflum er lokið. Ennfremur var unnið við og lokið frágangi utan vegar á þeim kafla, sem var malbikaður 1974. Auk þessa var grjótvörn á kaflanum lagfærð.

Lokið er því að malbika allan kaflann milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

1 **Norðurlandsvegur:**

06 Víðidalsvegur eystri—Gljúfurá:

Fjárveiting var 5.7 m.kr. Lagður var 1.4 km langur kafli hjá Nýpukoti, sem ekki er að fullu frágenginn.

08 Við Blönduós:

Fjárveiting var 75.0 m.kr. Lokið var við undirbyggingu og burðarlag á 4.6 km löngum kafla frá Reykjabraut norður fyrir Torfalæk. Lokið var að miklu leyti við undirbyggingu og ekið hluta af burðarlagi á 2.3 km langan kafla frá Hjaltabakka að Blönduósi. Framkvæmdum fyrir um 19 m.kr. af fjárveitingunni var frestað sbr. 2.10.

1 **Norðurlandsvegur:**

05 Norðan Akureyrar:

Fjárveiting var 80.0 m.kr. Lokið var að mestu við 3.6 km langan kafla frá Akureyri að Blómsturvöllum og lagt á hann malbik. Lýsing var sett á 0.4 km langan kafla frá Akureyri að Skútum. Einnig var lokið við undirbyggingu og burðarlag á 1.5 km löngum kafla frá Blómsturvöllum að Sílastöðum.

08 Á Svalbarðsströnd:

Fjárveiting var 11.0 m.kr. Undirbyggður var 1.2 km langur kafli frá Sólbergi að Sigluvík og greiddar landbætur vegna framkvæmda árin 1974 og 1975.

99 **Hafnarvegur:**

01 Austurlandsvegur—Höfn:

Fjárveiting var 3.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári fyrir lögn olíumalar á veginn.

**Verkfræðilegur undirbúningur:**

1 **Suðurlandsvegur:**

Unnið var að gerð lokaáætlunar um kaflann frá Þjórsá að Skeiðavegamótum. Er því verki nær lokið.

1 **Vesturlandsvegur:**

Unnið var að lokahönnun vegarins um Kiðafell og er hún langt komin. Verður þá tilbúin lokahönnun vegarins frá Kollafjarðarkleifum að Eyri í Kjós. Hafin er hönnun frá Eyri og fyrir Hvammsvík.

Unnið var áfram að frumáætlun um vegagerð á kaflanum Múlanes-Bláskeggsá. Teknar voru fyrir tvær leiðir, önnur um Þyrilsey, en hinn um leirur í Botnsvogi.

Gert var kort í mkv. 1:5000 af svæðinu Bláskeggsá—Bjarteyjarsandur og viðræður hafnar við skipulagsyfirvöld um mögulegar veglínur.

Lokið er hönnun kaflans frá vegamótum Norðurárdalsvegar að Hvassafelli.

34 **Eyrarbakkavegur:**

Fjárveiting til hönnunar og rannsókna á kaflanum um Ölfusárósa var 5 m.kr. Unnið var að mælingu og kortagerð og er nú langt komin gerð korts í mælikvarða 1:5000 yfir vegsvæðið frá Þorlákshafnarvegi um Ölfusárósa, Eyrarbakka og áfram austur Gaulverjabæjarveg að Stokkseyri.

Ennfremur var unnið að ýmsum vatnafræðilegum athugunum og mælingum við ósinn. Gerð lokaáætlunar á kaflanum frá Selfossi að Eyrarbakka er nær lokið.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**

Unnið var að lokahönnun kaflans um Kópavogslæk og Arnarneshæð, en staðið hefur á ýmsum skipulagsákvörðunum.

45 **Garðskagavegur:**

Í samvinnu við skipulagsyfirvöld voru gerð kort af öllu Hvalsnesi í mkv. 1:5000.

51 **Akranesvegur:**

Unnið var að undirbúningi kortagerðar vegna lokahönnunar vegarins.

61 **Djúpvegur:**

Gerð hefur verið frumathugun á veglínu frá Ísafjarðarflugvelli yfir fjörðinn hjá Skipseyri og að Vestfjarðavegi. Endanleg lega er af skipulagsástæðum ekki ákveðin auk þess sem frekari athugana í firði er þörf.

Hönnun er lokið á kaflanum frá Vestfjarðarvegi og 400 m út fyrir Tunguá. Gerð hefur verið tillaga um framhald vegarins að innri þéttbýlismörkum á Ísafirði og tengingu upp á Seljalandsveg. Tillaga þessi bíður samþykktar bæjarstjórnar Ísafjarðar.

Hönnun lauk á kaflanum frá fiskhúsi að þéttbýlismörkum í Hnífsdal. Er allur kaflinn fullbyggður.

1 **Norðurlandsvegur:**

Gert var kort í mkv. 1:5000 af hluta Hrútafjarðarháls. Unnið var að gagnasöfnun og könnun. Lokið var að mestu hönnun kaflans vestan Heggstaðanesvegar.

Lokið er hönnun vegarins milli Reykjabrautar og Blönduóss.

Lega vegarins milli vegamóta Ólafsfjarðarvegar og Blómsturvallavegar var ákveðin og lokahönnun nær lokið.

Líffræðistofnun háskólans lauk líffræðilegum rannsóknum á ósum Eyjafjarðarár og skilaði bráðabirgðaniðurstöðum, en lokaskýrsla er væntanleg innan skamms. Gert var dýptarkort af öllu ósasvæðinu. Liggja nú fyrir öll helstu gögn til þess að hefja megi gerð frumáætlunar um vega- og brúargerð yfir fjarðarbotninn.

Að beiðni Náttúruverndarráðs og Mýlaxnefndar var hafin athugun á framtíðarlegu vega á Mývatnssvæðinu í þeim tilgangi að samræma sjónarmið um vegagerð og náttúru- og landvernd á svæðinu.

Athugaðar voru leiðir sunnan vatns og norðan og ennfremur nýjar aðalleiðir að Mývatni vestan Mývatnssvæðisins. Allar athuganir voru gerðar í samráði við líffræðing Mýlaxnefndar.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

Gerð var áætlun um legu vegarins milli Norðurlandsvegar og Hörgár, en kort í mkv. 1:5000 lágu fyrir.

### 2.3.2. Til þjóðbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

10 Á Mýrdalssandi:

Fjárveiting var 10.0 m.kr. Þar af fóru til brúargerðar 3.6 m.kr. sbr. 2.5. Hækkaður var og endurbættur um 6.4 km langur kafli milli Langaskers og Blautukvíslar.

12 Austan við Vík:

Fjárveiting var 0.3 m.kr. Fjárveitingunni var ásamt 0.6 m.kr. eftirstöðvum frá fyrra ári varið til greiðslu bráðabirgðaláns.

14 Skarphóll—Skeiðflötur:

Fjárveiting var 11.1 m.kr. Fullgerður var að mestu og tekinn í notkun 1.9 km langur kafli við Litlahvamm. Eftir er nokkur frágangur svo og landbætur.

16 Sýslumörk—Raufarfellsvegur:

Fjárveiting var 0.7 m.kr. Fjárveitingunni var varið til að mæta umframeyðslu frá fyrra ári.

17 Við Hvamm:

Fjárveiting var 14.5 m.kr. Lokið var við gerð undirbyggingar á 4.4 km löngum kafla við Hvamm undir Eyjafjöllum. Einnig var lokið við girðingu meðfram veginum.

18 Sandhólmavegur—Dímonarvegur:
Fjárveiting engin, en innstæða frá fyrra ári 1.0 m.kr. Fjárveitingin var notuð við framkvæmdir sem getið er undir kafla nr. 17.

31 **Skálholtsvegur:**

01 Við Reyki:
Fjárveiting var 3.1 m.kr. og innstæða frá fyrra ári 0.4 m.kr. Sett var niður ristarhlið við Reyki fyrir innstæðuféð. Fjárveitingunni 3.1 m.kr. að öðru leyti varið til framkvæmda í Skálholtsvegi við Spóastaði.

03 Við Spóastaði:
Fjárveiting var engin en með samþykki þingmanna kjördæmisins var fjárveitingunum, í Skálholtsveg við Reyki og í Biskupstungnabraut við Brúará varið til vegagerðar á þessum kafla. Alls 13.5 m.kr. Undirbyggingu var að mestu lokið á um 1.0 km löngum kafla við Spóastaði. Einnig var grafið og girt með veginum.

35 **Biskupstungnabraut:**

04 Við Brúará:
Fjárveiting var 10.4 m.kr. Fjárveitingin var notuð til framkvæmda í Skálholtsvegi við Spóastaði.

36 **Þingvallavegur:**

01 Sýslumörk—Stardalur:
Fjárveiting var 2.4 m.kr. og innistæða frá fyrra ári 2.3 m.kr. Lagfærðir voru tveir staðir við Köldukvísl og Bugðu, en þar hafði vegurinn sigið talsvert frá því hann var byggður 1974.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

11 Um Hvalsá og Fossá:
Fjárveiting var 30.0 m.kr. Byggður var 1.8 km langur kafli við Ólafsvík. Frágangi á grjótvörn og utan vegar ekki lokið.

60 **Vestfjarðavegur:**

04 Brautarholt—Þorbergsstaðir:
Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán fengið frá 590—04 Klofningsvegi að upphæð 5.4 m.kr. sem endurgreiðist 1976 samkv. vegáætlun.
Endurbyggður 1.0 km langur snjóastaður við Brautarholt. Frágangi ekki lokið.

60 **Vestfjarðavegur:**

09 Kleifastaðir—Fjarðarhorn:
Fjárveiting var 14.0 m.kr. Byggður var 1.0 km langur kafli frá Steyptaklifi að Múlaá og undirbyggður 0.5 km langur kafli innan við Eyri.

14 Um Hörgsnes:
Fjárveiting var 40.0 m.kr. Þar af voru lánaðar 14.5 m.kr. til ársins 1976 til brúargerðar á Þingmannaá. Byggður var 0.7 km langur kafli milli Vatnsdalsár og Þingmannaár og undirbyggður 3.0 km langur kafli um Hörgsnes.

21 Svalvogavegur—Ketilseyri:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Byggður var 1.3 km langur kafli við Ketilseyri. Frágangi er ólokið.

24 Kirkjuból—Valþjófsdalsvegur:
Fjárveiting var 8.0 m.kr. Byggður var 1.8 km langur kafli frá Kirkjubóli að vegamótum Valþjófsdalsvegar og Vestfjarðavegar.
25 Rannsóknir í Dýrafirði og Önundarfirði:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Unnið var að dýptarmælingum og kortlagningu í Dýrafirði og Önundarfirði.
26 **Breiðadalsheiði:**
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Unnið var að lagfæringum í Suðurkinn og settir voru upp vindskermar, þar sem gerð er tilraun til að hafa áhrif á myndun snjóhengju.

61 **Djúpvegur:**

01 Tenging Inndjúps við A-Barð. (ranns.):
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Unnið var að mælingum á vegarstæðum um Steingrímsfjarðarheiði, Þorskafjarðarheiði og Kollafjarðarheiði. Einnig var gerð könnun á lífríki fjarða í A-Barðastrandarsýslu og gerðar dýptarmælingar í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði.
19 Arnardalur—flugvöllur:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Unnið var að undirbyggingu 5.0 km kafla frá Arnardal að flugvelli.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

02 Knappsstaðir—Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 12.2 m.kr. Nýbygging frá fyrra ári, frá Ketilsási að Molastöðum 3.3 km að lengd var hækkuð verulega vegna snjóalaga og lokið var að miklu leyti við burðarlagið.

1 **Norðurlandsvegur:**

11 Norðausturv.—Aðaldalsvegur:
Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 0.7 m.kr. Undirbyggður var 1.0 km langur kafli frá Hrúteyjarkvísl að Skjálfandafljóti.
12 Aðaldalsvegur—Brún:
Fjárveiting var 8.5 m.kr. Ekið var jöfnunar- og slitlagi í 6.0 km langan kafla frá Kárhóli að Brún.
14 Mývatnssveitarv.—Mývatnsv.:
Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 1.0 m.kr. Gerðar voru lagfæringar og endurbætur á núverandi vegi frá Vindbelg að Grímsstöðum.
17 Kísiliðja—Austaraselsheiði:
Fjárveiting var engin, en vegna virkjunarframkvæmda við Kröflu var lagður 3.1 km langur kafli yfir Námaskarð, sem eftir er að ganga frá. Kostnaður (32 m.kr.) var greiddur af Kröfluvirkjun. Áætlað er að endurgreiða helming af kostnaði við þessa vegagerð af vegáætlun í áföngum.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

06 Rípill—Ólafsfjörður:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Unnið var við smálagfæringar og hreinsun í Ólafsfjarðarmúla.

85 **Norðausturvegur:**

14 Arnarstaðir—Kópasker:

Fjárveiting var 9.8 m.kr. Lagður var 3.7 km langur kafli frá Klapparósi að Kópaskeri.

1 **Austurlandsvegur:**

04 Kverkfjallaleið—Lindará:

Fjárveiting var 0.3 m.kr. og fór til greiðslu á skuld frá fyrra ári.

14 Egilsstaðir—Upphéraðsvegur:

Fjárveiting var 15.4 m.kr. Byggður var 2.6 km langur kafli í framhaldi af nýbyggingu frá 1973 inn að Höfðaá. Vegurinn er ekki allur kominn í fulla hæð og eftir er að leggja slitlag og setja niður ristarhlið.

37 Hafnarvegur—flugvöllur:

Fjárveiting var 3.5 m.kr. Slitlag var sett á veginn sem byggður var 1974. Einnig var greitt fyrir landbætur og efnistöku.

43—44 Jökulsá—Fjallsá:

Fjárveiting var 20.0 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 3.0 m.kr. Ennfremur lán frá Skeiðarársandi sbr. 2.3.5.1. að upphæð 10.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 5.5 m.kr. Undirbyggður var 17.0 km kafli á milli Fjallsár og Fellsár. Jöfnunarlag var sett á 5.5 km þar af, en slitlag vantar alveg. Snyrtingu er víða ólokið.

85 **Norðausturvegur:**

03 Miðfjarðará—Hafnarvegur:

Fjárveiting var 2.2 m.kr. Byggður var 1.0 km langur kafli til að tengja nýja brú á Hölkná.

07 Vesturdalsvegur—Vopnafjörður:

Fjárveiting var 6.0 m.kr. og fór hún til greiðslu á bráðabirgðaláni frá árinu 1974. Tekið var nýtt bráðabirgðalán að upphæð 6.1 m.kr. Byggður var 1.1 km langur kafli í framhaldi af nýbyggingu frá 1974 að Vesturdalsárbrú. Eftir er að leggja jöfnunarlag og ljúka frágangi.

96 **Suðurfjarðavegur:**

07 Búðir—Vík:

Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 1.1 m.kr. Veginum var breytt á 0.4 km kafla innan við Búðir vegna væntanlegs íþróttavallar.

### 2.3.3. Til landsbrauta.

26 **Landvegur:**

03 Brúarlundur—Skarð:

Fjárveiting var 0.7 m.kr. og var hún notuð til frágangs á 2.0 km kafla ofan við Brúarlund, sem byggður var 1973.

214 **Kerlingardalsvegur:**

01 Við Fagradal:

Fjárveiting var 1.3 m.kr. og var henni varið til greiðslu bráðabirgðaláns frá fyrra ári.

261 **Fljótshlíðarvegur:**

02 Deild—Hlíðarendi:

Fjárveiting var 11.4 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 2.3 km langur kafli milli Deildar og Hlíðarenda.

268 **Þingskálavegur:**

01 Við Þingskála:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. og var henni varið til byggingar ræsis við Kaldbak.

33 **Gaulverjabæjarvegur:**

02 Um Baugsstaðasíki:

Fjárveiting var 4.0 m.kr. Fullgerður var að mestu 1.1 km langur kafli vestan við Baugsstaðasíki. Frágangi er ólokið að nokkru.

340 **Auðsholtsvegur:**

01 Við Syðra-Langholt:

Fjárveiting var 0.2 m.kr. og var henni varið til greiðslu skuldar.

341 **Langholtsvegur:**

01 Flúðir—Syðra-Langholt:

Fjárveiting var 0.5 m.kr. og var hún notuð til að girða meðfram hluta af veginum, sem byggður var 1973.

358 **Einholtsvegur:**

01 Á Einholtsmelum:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Fullgerður var 0.7 km langur kafli á Einholtsmelum.

44 **Hafnavegur:**

01 Flugvöllur—Stapafellsvegur:

Fjárveiting var 9.0 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.8 km langur kafli frá Stapafellsvegi í átt að flugvelli.

48 **Kjósarskarðsvegur:**

02 Meðalfellsvegur—sýslumörk:

Fjárveiting var 2.1 m.kr. Innstæða frá fyrra ári var 1.4 m.kr. Vegurinn var lagfærður og réttur af á um 4 km kafla næst Þingvallavegi.

410 **Elliðavatnsvegur:**

01- Suðurlandsvegur—Reykjanesbraut:

Fjárveiting var 2.2 m.kr. Styrktur var og lagfærður um 5.0 km langur kafli frá brú á Elliðaá að Vífilsstaðavegi.

59 **Laxárdalsvegur:**

01 Höskuldsstaðir—Hornsstaðir:

Fjárveiting var 13.0 m.kr. og bráðabirgðalán 2.0 m.kr. Fullbyggður var og tekinn í notkun 4.5 km langur snjóakafli frá Sauðhúsum að Hornsstöðum.

503 **Akrafjallsvegur:**

02 Við Akranes:

Fjárveiting var 6.0 m.kr. Gerður var akfær 0.8 km langur kafli við Akranes, en frágangi ekki lokið.

505 **Melasveitarvegur:**

01 Ás—Súlunes:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Endurbyggður var 1.5 km langur snjóakafli milli Áss og Súluness.

511 **Hvanneyrarvegur:**

01 Vesturlandsvegur—Hvanneyri:

Fjárveiting var 1.4 m.kr. Grafnir voru skurðir meðfram fyrirhugaðri veglínu að Hvanneyri.

528 **Norðurárdalsvegur:**

Glitstaðir—Skarðshamrar:

Fjárveiting var engin. Bráðabirgðalán 4.0 m.kr. fengið frá 501—11 Vesturlandsvegi, sem endurgreiðist 1976, samkvæmt vegáætlun. Lagfært var snjóaklif við Glitstaði og aðrar lagfæringar gerðar á kaflanum, en frágangi ekki lokið.

574 **Útnesvegur:**

Snjóastaðir:

Fjárveiting var 2.5 m.kr. Endurbyggður var 1.1 km langur snjóakafli í Hnausahrauni.

590 **Klofningsvegur:**

04 Efribyggðarvegur—Ballará:

Fjárveiting var 8.0 m.kr. Greidd var 2.6 m.kr. skuld frá fyrra ári. Framkvæmdum var frestað vegna vinnuhagræðingar. Fjárveiting var lánuð til 560—04 Vestfjarðavegur um Brautarholt og endurgreiðist 1976 samkv. vegáætlun.

59 **Laxárdalsvegur:**

01 Um Laxá:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Gerð var bráðabirgðatenging á brú yfir Laxá. Framkvæmdum frestað.

64 **Flateyrarvegur:**

01 Vestfjarðavegur—Flateyri:

Fjárveiting var 3.0 m.kr. Byggður var 0.5 km langur kafli um Hvilft.

622 **Svalvogavegur:**

03 Þingeyri—flugvöllur:

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Endurbyggður var 0.6 km langur kafli austan afleggjara að flugvelli.

05 Hraun—Svalvogar:

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greitt var 0.5 m.kr. lán frá 1973. Unnið var að hreinsun á vegi frá Hrauni að Svalvogum.

624 **Inggjaldssandsvegur:**

01 Vestfjarðavegur—Núpur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Byggt var við steypt ræsi á Kýrá og gerð lagfæring á vegi um ána.
03 Gerðhamrar—Sæból:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Undirbyggður var 1.0 km kafli á Sandsheiði.

645 **Drangsnesvegur:**

02 Drangsnes:
Fjárveiting var 13.9 m.kr. Byggður var 1.4 km langur kafli frá Drangsnesi að kirkjugarði. Einnig var unnið að lagfæringum á snjóastöðum í Kaldrananeshreppi.

74 **Skagastrandarvegur:**

01 Norðurlandsvegur—Þverárfjallsvegur:
Fjárveiting var 7.7 m.kr. Endurbyggður var 4.2 km langur kafli frá Vatnahverfi að Efri-Lækjardal.

711 **Vatnsnesvegur:**

01 Hvammstangi—Skarð:
Fjárveiting var 6.4 m.kr. Lagður var 0.9 km langur kafli um Skarð, sem eftir er að aka hluta af burðarlagi í og ganga frá.
05 Valdalækur—Vesturhópshólar:
Fjárveiting var 3.1 m.kr. Lagður var 0.5 km kafli um Ósa. Einnig var snjóastaður hjá Súluvöllum lagfærður.

732 **Kjalvegur:**

01 Svínvetningabraut—Eiðsstaðavegur:
Fjárveiting var 0.6 m.kr. Ekið var slitlagi í 5.8 km langan kafla frá Löngumýri að Guðlaugsstöðum.

733 **Blöndudalsvegur:**

01 Svínvetningabraut—Austurhlíð:
Fjárveiting var 0.6 m.kr. Ekið var slitlagi í 4.6 km langan kafla frá Svínvetningabraut að Austurhlíð.

745 **Skagavegur:**

02 Hlíð—Krókssel:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Skuld frá fyrra ári var 0.5 m.kr. Gengið var frá 4.5 km löngum kafla frá Spákonufelli að Harastöðum.
04 Hafnaá—sýslumörk:
Fjárveiting var 7.3 m.kr. Lagður var 1.7 km langur kafli um Digramúla og 1.2 km langur kafli hjá Höfnum.
06 Keta—Selnes:
Fjárveiting var 2.6 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 2.6 m.kr. til Norðurlandsáætlunar frá árinu 1973.
09 Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur:
Fjárveiting var 10.2 m.kr. Lagður var 2.0 km langur kafli í Gönguskörðum. Frágangi er ekki að fullu lokið.

762 **Sæmundarhlíðarvegur:**

01 Sauðárkróksbraut—Fjall:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. og tekið var bráðabirgðalán að upphæð 4.2 m.kr. Endurbyggður var 2.5 km langur kafli frá Geirmundarstöðum að Bessastöðum.

764 **Hegranesvegur vestri:**

01 Hegranesvegur—Hellulands:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Grafnir voru skurðir á milli Hellulands og Kárastaða. Einnig var keypt ræsaefni.

802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**

01 Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 8.5 m.kr. Gengið var frá undirbyggingu og ekið hluta af burðarlagi í 2.7 km langan kafla frá Vatnsenda að Kálfsá.

805 **Svarfaðardalsvegur:**

01 Ólafsfjarðarvegur—Tunguvegur:
Fjárveiting var 7.5 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán að upphæð 3.4 m.kr. frá 1973. Greiddar voru landbætur og gengið frá nýbyggingu milli Tjarnar og Grundar, sem gerð var 1973. Einnig var lagður 0.7 km langur kafli á milli Bakka og Steindyra.

816 **Dagverðareyrarvegur:**

01 Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 2.1 m.kr. Endurbyggður var 0.5 km langur kafli frá Skjaldarvík til norðurs og 0.6 km langur kafli um Glæsibæjarflóa.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**

02 Finnastaðavegur—Eyjafjarðarbraut eystri:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Lagður var 1.0 km langur kafli við Skjóldalsá og gerðir varnargarðar við ána. Einnig var brú á Djúpadalsá tengd og tekin í notkun.

835 **Fnjóskadalsvegur eystri:**

01 Norðurlandsvegur—Böðvarsnes:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Tekin var niður hæð og lagfærð lægð sunnan við Böðvarsnes.

841 **Fremstafellsvegur:**

01 Norðurlandsvegur—Norðausturvegur:
Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 0.5 m.kr. Undirbyggður var 0.6 km langur kafli á milli Fellsenda og Fremstafells.

843 **Lundarbrekkuvegur:**

01 Bárðardalsvegur eystri—Víðiker:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1974.

847 **Stafnsvegur:**

01 Norðurlandsvegur—Stafn:
Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 0.4 m.kr. Gerð var 0.5 km löng undirbygging, sem nota má fyrir vetrarsamgöngur.

848 **Mývatnssveitarvegur:**

02 Garður—Norðurlandsvegur:
Fjárveiting var 3.5 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1973 og 1974.

853 **Hvammavegur:**

01 Aðaldalsvegur—Mývatnsvegur:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1972.

854 **Staðarbraut:**

01 Aðaldalsvegur—Hvammavegur:
Fjárveiting var 1.1 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1973.

856 **Laxárdalsvegur vestri:**

01 Staðarbraut—Halldórsstaðir:
Fjárveiting var 1.3 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá 1973.

861 **Vestursandsvegur:**

01 Norðausturvegur—Nýjabæjarvegur:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Lagður var 1.0 km langur kafli um Lindarbrekku og malborin 1.2 km langur kafli, sem var undirbyggður árið 1974.

868 **Laxárdalsvegur:**

01 Norðausturvegur—Laxárdalur:
Fjárveiting var 1.6 m.kr. Vegurinn var hækkaður og endurbyggður á samtals 1.0 km löngum kafla.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

03 Eiðar—Steinsvað:
